



Fundargerð

**Stjórn VJP - 122. fundur stjórnar VJP haldinn Fjarfundur,
10. september 2018, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Erlingur Freyr Jensson aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og .

Fundargerð ritaði: Guðrún Jónsdóttir, formaður.
Eyrún Arnardóttir svæðisráð austursvæðis

1. Svæðisráð suðursvæðis - 59 - 1806001F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

Björn Ingi upplýsti að hafin er vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand og Jökulsárlón. Einnig er í undirbúningi samráðfundur með afþreyingarferðapjónustuaðilum fundurinn er áætlaður 4. október. Fundargerða samþykkt.

2. Svæðisráð vestursvæðis - 68 - 1805002F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

*Áður afgreidd fundargerð.
Fundargerða samþykkt.*

3. Svæðisráð norðursvæðis - 52 - 1805005F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

*Áður afgreidd fundargerð.
Fundargerða samþykkt.*

4. Svæðisráð austursvæðis - 89 - 1804002F

Formaður svæðisráðs fer yfir atriði úr fundargerð.

*Eyrún upplýsti að tveir nýjir fulltrúar eru að koma inn í svæðisráð á austursvæði og fyrsti fundur svæðisráðs er áætlaður á næstu dögum.
Fundargerða samþykkt.*

5. Uneskó - 1808005

Formaður stýrihóps vegna tilnefnindar Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO mætir á fundinn

Gestir

Sigurður Þráinsson formaður stýrihóps - 10:15

Sigurður fór yfir ferli umsóknar eftir að henni hefur verið skilað inn til UNESCO. Einnig

farið yfir áætlaða heimsókn fulltrúa UNESCO til að kynna sér svæðið og fara kynningarferð um Þjóðgarðinn. Fulltrúar munu koma til landsins 23. september og lýkur heimsókninni 1. október. Stjórn samþykkir að Vilhjálmur Árnason og Björn Ingi Jónsson verði fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs í ferðinni.

Fulltrúi Samaút í stjórn leggur fram eftirfarandi bókun:

"SAMUT gerir alvarlegar athugasemdir við UNESCO umsóknina vegna þess að í upphafi ferlisins var fullyrt að umsóknin hefði ekki áhrif á nýtingarmöguleika almennings í Vatnajökulsþjóðgarði. Í fundargerð vestursvæðis frá 1.6.2017 er UNESCO umsóknin hins vegar notuð sem rök í langvarandi deilumáli sem kennt er við Vonarskarð. Í kynningu Sigurðar kom fram að þessar miklu deilur um verndun og stjórnun hafa ekki verið kynntar fyrir UNESCO og við gerum athugasemdir við það."

6. Rekstur 2018 - 1802007

Staða rekstrar og framkvæmda eftir fyrstu 8 mánuðina.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 10:55

Fjármálastjóri kynnti stöðu reksturs Vatnajökulsþjóðgarðs fyrstu átta mánuði ársins, ekki er búið að bóka allan kostnað fyrir ágúst þar sem allir reikningar hafa ekki borist. Staðan er ennþá erfið og gæta þarf ítrasta aðhalds til þess að rekstur ársins 2018 verði í jafnvægi um næstu áramót. Stjórn óskar eftir að framkvæmdarstjóri setji af stað vinnu við að greina skiptingu fjármuna á milli reksturs og framkvæmda í ljósi nýrra laga um opinber fjármál.

7. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Lögð fram drög að vinnuáætlun vegna rekstraráætlunar fyrir árið 2019.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 11:30

Framkvæmdastjóri kynnti tímaáætlun vegna vinnu við rekstraáætlun ársins 2019 sem er að hafjast. Mikilvægt er að auk fjármálastjóra og framkvæmdastjóra taki þjóðgarðsverðir og stjórn virkan þátt í vinnu vegna áætlunar næsta árs. Stefnt er að því að skila rekstraáætlun 2019 til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir lok október nk.

8. Gjaldtaka: Athugasemd Félag hópferðaleyfishafa - 1808003

Framkvæmdastjóra var á fundi nr. 121 falið að fylgja málinu eftir. Lagt fram svar til Félags hópferðarleyfishafa dagsett 30. ágúst s.l.

Framkvæmdastjóri kynnti svar Vatnajökulsþjóðgarðs til Félags hópferðaleyfishafa. Félagið kvartaði yfir fyrirkomulagi gjaldtöku af gestum þjóðgarðsins í Skaftafelli. Er því einkum haldið fram að það fyrirkomulag sem nú er við líði feli í sér mismunun á grundvelli þjóðernis og brjóti þar af leiðandi gegn jafnræðisreglu 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem og jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Eins er gefið í skyn að fyrirkomulag gjaldtökkunnar kunnist að brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005. Vatnajökulsþjóðgarður hafnar þessum fullyrðingum að öllu leiti í svarbréfi til Félags hópferðaleyfishafa.

9. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1808004

Lögð fram drög að umsögn við frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun. Umsagnarfrestur var til 5. september en heimild fékkst til að skila inn umsögn að loknum stjórnarfundum.

Farið yfir drög að umsögn vegna framvarps um Þjóðgarðastofnun en frestur fékkst til að senda hana inn þar til eftir þennan fund stjórnar. Formanni stjórnar falið að senda umsögnina inn til ráðuneytisins.

10. Framkvæmd: Vikraborgir landvarðaskáli - 1809003

Lögð fram gögn vegna byggingar landvarðarskála í Vikraborgum.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu framkvæmda í Vikraborgum. Lokið er við að reisa svo

kölluð þurrsalerni á svæðinu. Eftir er að reisa landvarðaskála. Vegna viðkvæmrar fjárhagsstöðu stofnunarinnar og að vetur gengur fljótlega í garð á hálendinu þá óskar stjórn eftir því að uppsetning landvarðahúss verði lokið næsta vor en haldið verði áfram undirbúningi verksins.

11. Kæra: Arctic surfers ehf vegna starfsemi á Jökulsárlóni - 1809002

Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dagsett 27. ágúst. Kærð er ákvörðun stjórnar að hafna ósk Arctic surfers ehf um að stunda atvinnustarfsemi á Jökulsárlóni. Óskað er eftir umsögn vegna kærunnar.

Eins og áður hefur komið fram í bókun stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs þá var erindi Arctic Surfers um að stunda atvinnustarfsemi á Jökulsárlóni hafnað á þeim forsendum að stjórn telur mikilvægt að fram fari greining á þolmörkum svæðisins samfara vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Stjórn hafnaði einnig erindinu þar sem hvorki stjórnunar og verndaráætlun né er skipulag fyrir svæðið tilbúið. Framkvæmdastjóra falið fyrir hönd stjórnar að svara erindi ráðuneytisins á grundvelli framangreinds.

12. Umsókn um starfsleyfi - 1809001

Erindi South East ehf dagsett 21. júlí s.l. Endurnýjuð ósk um starfsleyfi í Vatnajökulspjóðgarði.

Stjórn vill upplýsa að dregist hefur að setja reglugerð um hvernig skuli staðið að framkvæmd málsins og því ekki verið hægt að afgreiða umsóknir um starfsleyfi. Unnið er að úrlausn málsins, en strax og áður nefnd reglugerð verður gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mun Vatnajökulspjóðgarður kappkosta að vinna svo hratt sem unnt er að afgreiða málið.

13. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur frá síðasta fundi stjórnar.

Næsti fundur stjórnar áætlaður 8. október
Fundu slitið kl. 12:00.